

Haustfundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna

Að loknu málþinginu „Almenningsbókasöfn, fjársjóður til framtíðar“ var sest að súpu og brauði í Hlégarði, Mosfellsbæ. Mættir voru 22 forstöðumenn þar af þrír nýjir.

Sigríður Halldóra Gunnarsdóttir Fjallabyggð tók við af Rósu Bjarnadóttur

Linda Björg Gunnarsdóttir tók við af Sólveigu Sigurðardóttur

Jóhanna A. Kjartansdóttir í Garðinum. Er að taka við af Kolbrúnu Þórlindsdóttur

Hafa þær allar tekið við af öðrum sem voru félagar og voru boðnar velkomnar og ítrekuð þau gömlu heilræði að það sé skyldumæting á fundi félagsins fína.

Fundarmenn voru ánægðir með framkomna fyrirlestra og umræður á málþinginu. Gert var ráð fyrir að semja ályktun í lok þess en það varð ekki og kom fundarmönnum saman um að greinar í Sveitarstjórnarmál og Bókasafnið væru betri skilaboð. Bent var á að biðja fyrirlesara málþingsins að útbúa greinar sem birta má í næsta tbl. Bókasafnsins. Einnig var bent á að landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga er haustið 2014 að loknum næstu sveitarstjórnarkosningum. Var ákveðið að fá að senda fulltrúa SFA inn á þingið.

Stungið var upp á að félagar kanni álit frambjóðenda til sveitarstjórna á gildi almenningsbókasafna í samfélaginu.

Hvatt var til að félagar noti póstlista Fínu meira til að ráðgast um dagleg úrlausnarefni. Meðal lausna sem minnst var á á fundinum er notendaráð Amtsbókasafnsins á Akureyri sem hittist einu sinni í mánuði. Auglýst var eftir þeim í fjölmiðlum. Á Sauðárkróki er bókamarkaður í tvær vikur á ári og seljast bækurnar grimmt.

Hulda Björk Þorkelsdóttir kvaddi félagið en hún lætur af störfum um áramótin. Voru henni þökkuð ánægjuleg samskipti, ráð og tillögur og óskað heilla.

Fréttir.

Pálína Magnúsdóttir sagði frá því að á Borgarbókasafni er verið að örflögumerkja safnkost allra útibúa. Þeim er lokað hvert af öðru og er aðalsafnið að verða tilbúið. Líklega verður málþing haldið um örflöguvæðingu seinna í vetur.

Hrafn Andrés Harðarson er nú í námsleyfi.

Bókasafn Reykjanesbæjar flutti í nýtt húsnæði í byggingu bæjarstjórnar. Það er minna og er stór geymsla í kjallara hússins.

Bókasafn Grundarfjarðar er að flytja í sýningar- og samfélagshús í miðbænum með um 20% safnkostsins. Afgangurinn skiptist milli grunnskóla og fjargeymslu.

Sunna Njálisdóttir býður til vorfundar í Grundarfirði 2014.